

**Nd.**

**191. Frumvarp til laga**

um ráðstafanir vegna framleiðslu og útflutnings á afurðum bátaútvegsins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

**1. gr.**

Ríkisstjórnin skal með auglýsingu ákveða fiskverð til bátaútvegsins fyrir árið 1947, þannig að verð á þorski og ýsu, slægðum með haus, verði 65 aurar hvert kg. í stað 50 aurar samkv. auglýsingu frá 5. janúar 1946. Aðrar fisktegundir skulu hækkaðar til samræmis við þessa hækkun, að fengnum tillögum Landssambands isl. útvegsmanna.

**2. gr.**

Eftir að sú fiskverðshækkun, sem um ræðir í 1. gr., er gengin í gildi, ábyrgist ríkissjóður hraðfrystihúsum landsins allt að 35 aura af hverju ensku pundi fob. af hraðfrystum þorsk- og ýsuflökum. Ábyrgð þessi kemur til greina að fullu, ef söluverð á hraðfrystum þorski og ýsuflökum reynist jafnt eða lægra en 1945 (98 aura pr. enskt pund). Reynist söluverð hærra en 1945, en þó lægra en 133 aurar pr. enskt pund, greiðir ríkissjóður hraðfrystihúsum það, sem á vantar það verð.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs tilsvarandi verðhækkun á öðrum hraðfrystum fiski en þeim, er um ræðir í fyrri mgr.

3. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs sölu á allt að 30 þús. tonnum af saltfiski fyrir bátaútveginn, sem framleiddur er árið 1947, er miðist við kr. 2.25 hvert kg af fullsöltuðum og fullstöðnum stórfiski (þorski) I. flokks foh. Ábyrgð skal tekin á tilsvarandi verði á öðrum tegundum saltfisks samkv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fengnum tillögum Landssambands ísl. útvegsmanna.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en um ræðir í 2. og 3. gr., eftir því sem hagkvæmt þykir.

5. gr.

Til þess að tryggja bátaútveginum sölu á afla sínum við því verði, sem tilgreint er í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa fisk til útflutnings, eftir því sem þörf krefur og hagkvæmt þykir.

6. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyriræli um allt, er lýtur að framkvæmd þeirra ráðstafana, er um ræðir í lögum þessum, þar á meðal um þau sönnunargögn, er hún telur þurfa fyrir því, að hlutarsjómönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksfiskverð, sem ákveðið er samkv. 1. gr., enda greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkv. lögum þessum.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947 og gilda um framleiðslu þess árs.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni atvinnuáráðherra. Á fundi fjárhagsnefndar 9. des. var meiri hlutinn (ÁÁ, HB, SkG og JóhH) andvígur því að verða við ósk atvinnuáráðherra um að flytja þetta frumvarp að svo komnu, svo að EOI flytur það sem minni hluti nefndarinnar. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv.:

Það má ekki dragast lengur, að gerðar séu ráðstafanir varðandi sölu á afurðum bátaútvegsins. Vertíð byrjar nú innan skamms, og er það því óhjákvæmileg nauðsyn til þess að tryggja rekstur útgerðarinnar, að ákveðið sé verð á ferskum fiski til sjómanna og jafnframt sé hraðfrystihúsum og þeim, er taka fisk til söltunar, tryggt það verð, að þeir geti greitt hið ákveðna ferskfiskverð.

Ákvarðanir þær, sem frumvarp þetta fjallar um, er nauðsynlegt að gera nú þegar, til þess að hægt sé að fá menn á bátana, ráða fólk í hraðfrystihúsin og gera ýmsar aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að geta hafið fiskveiðar í vertíðarbyrjun.

Ráðstafanir þær, sem í frumvarpinu felast, eru sprotnar af alþjóðarnauðsyn, vegna þess að enn ríkir fullkomin óvissa um sölu á afurðum útvegsins á svipaðan hátt og átti sér stað, er vetrarvertíð hófst í fyrra. Það getur engum blandast hugur um það, að þjóðinni er svo mikil nauðsyn á því, að rekstur útgerðarinnar truflist ekki, að ráðstafanir til að hindra það verða að ganga fyrir öllu öðru. Af þessum sökum er ekki réttmætt að tala um ráðstafanir eins og þær, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, sem stuðning við bátaútveginn eingöngu, því þó þær séu það. Þá er hér fyrst og fremst um að ræða aðgerðir til þess að forða aðalatvinnuvegi

þjóðarinnar frá hruni, sem mundi breiðast með leifturhraða um allt atvinnulíf þjóðarinnar.

Æskilegast hefði verið, að búið væri að gera samninga um megnið af afurðunum áður en vertíð byrjaði, en því er ekki að heilsa, sem stafar af ýmsum ástæðum, sem ekki verða raktar nánar hér. Það er illa farið, að ekki skuli hafa verið lögð alúð við það að halda þeim mörkuðum, sem tókst að fá í fyrra fyrir sjávarafurðir landsins, og auka þá. Þau viðskiptatengsl, sem knýtt voru við Sovétríkin s. l. ár, hafa rofnað, og þarf því nú, er samningar hefjast við þau á ný, að taka til frá byrjun.

Nú um nokkurt skeið hefur ríkt óvissa um stjórn á Íslandi, eða síðan í fyrri hluta október. Þetta hefur haft þau áhrif, að ekki hefur verið gengið að því að leysa þau vandamál útvegsins, sem frumvarp þetta fjallar um. En nú má ekki við svo búið standa. Hvað sem líður stjórnarmyndun, verður að tryggja rekstur útvegsins á komandi vertíð og framvegis, og ætlu allir að geta verið sammála um það. Að láta reka á reiðanum í þessum efnum er sama og að stofna öllu atvinnulífi þjóðarinnar í beinan voða.

Verður nú með nokkrum orðum rætt um einstakar greinar frumvarpsins.

#### Um 1. gr.

Með 1. gr. er ákveðið, að verð á þorski og ýsu (slægðum með haus) skuli hækka úr 50 aurum kg í 65 aura, eða um 30%. Þá gerir og þessi grein ráð fyrir, að verð á öðrum fiski hækki hlutfallslega, eftir því sem ástæður leyfa, að fengnum tillögum samtaka útvegsmanna. Þessi hækking er nauðsynleg til þess að hlutar sjómenn geti haft svipaðar tekjur og verkafólk í landi í meðalveiði. Það er engin von til þess, að menn fáist á bátana, jafnerfitt og áhættusamt starf og það er, ef ekki er tryggt, að þeir geti horið eins mikið úr bítum og þeir hefðu í landi.

#### Um 2. gr.

Til þess að tryggja rekstur hraðfrystihúsanna, eftir að fiskverðið hefur verið hækkað um 30% frá í fyrra ofan á aukinn kostnað, er talið nauðsynlegt að tryggja húsunum kr. 1.33 fyrir hvert pund af flökum fob., þó þannig, að þau beri sjálf sömu áhættu og þau gerðu í fyrra, þ. e. verði sjálf að ábyrgjast 98 aura af því. Verðhækkun frysta fisksins sundurliðast eins og hér segir (miðað við 1 lbs. fob):

Enska verðið 1945 .....	kr. 0.98
Hækkun fiskverðs 1946 (um 5 aura kg) .....	— 0.06
Hækkun fiskverðs 1947 (um 15 aura kg) .....	— 0.18
Til þess að standast hækkun á vísitölu og öðru .....	— 0.11
	<hr/>
	Kr. 1.33

Þetta verð ætti að tryggja hraðfrystihúsum góða afkomu, einkum ef það tekst að tryggja húsunum öra afskipun, eins og ráð er fyrir gert, enda er þá gert ráð fyrir, að ekki verði veruleg breyting á vísitölu.

Á s. l. ári var útflutningsverð yfirleitt nokkru lægra en kr. 1.33 pr. pund, en þó er engan veginn útilokað, að unnt verði að fá það nú.

Í síðari málsgrein er ríkisstjórninni veitt heimild til að ábyrgjast verð á öðrum tegundum frosins fisks, og þar bæði átt við aðrar fisktegundir en þorsk og ýsu og enn fremur fisk í öðrum umbúðum en þeim, er notaðar voru á enska markaðnum 1945. Mundi verða leitað álits félagssamtaka útvegsmanna áður en frá þeim ábyrgðum yrði gengið.

#### Um 3. gr.

Þrátt fyrir það, að ekki standa miklar vonir til þess, að unnt verði að fá markað fyrir ísaðan fisk á komandi vetrarvertíð, þykir ekki ástæða til að ætla, að framleitt verði meira en 30 þús. tonn saltfisks á árinu, því að sjálfsögðu yrði lögð á það höfuð-áherzla að hraðfrysta sem mest af aflanum. Ef saltfisksframleiðslan reynist meiri, yrði að taka um það ákvarðanir í tæka tíð, hvort þetta magn skuli aukið eða ekki.

Ábyrgðarverðið, kr. 2.25 pr. kg, er allmiklu hærra en ábyrgðarverðið í fyrra, þó að tillit sé tekið til fiskverðshækkunarinnar.

#### Um 4., 5., 6. og 7. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.